

1859.

9. júlí.

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norð-ur- og Austur-umdæminu, um leigu af kúgildum á nokkrum klausturjörðum.

Þér hafð, herra amtmáður, sent bónarbréf frá hinum setta umbodsmanni Þíngeyra klausturs um, að ábúendur af 11 jörðum klaustursins mættu verða undanþegnir að gjalda nema hálfu kúgildaleigu, þangað til þau 18 kúgildi, sem eptir skipun amtsins var lógað vegna fjárkláðans, kæmust upp aptur; auk þessa hafð þér í bréfi 27. október f. á., eptir að hafa bent á, að leiguliðar þessir alls ekki geti gert tilkall til meiri uppgjafar í kúgildaleigunni, en svo sem svari fjórða hluta, og að þér hafð, í von um samþykki stjórnarinnar, gefið þeim gjaldfrest með þenna fjórða hluta, þangað til þér gætuð fengið álit hennar, skotið máli þessu til stjórnarinnar úrslita.

Í þessu tilliti gefst yður hérmeð til vitundar, að stjórnin eptir grundvallarreglum þeim, sem hún hefir látið í ljósi í bréfi 3. nóvember í fyrra, ekki getur veitt þá uppgjöf í kúgildaleigunni, sem hér ræðir um.

13. júlí.

27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um umkvörtun fjöggra bæjarfulltrúa í Reykjavík yfir formanni sínum, skólakennara Halldóri K. Friðrikssyni.

Með bréfi yðar, herra stiptamtáður, frá 2. apríl þ. á., hefur stjórnin meðtekið álit bæjarfógetans í Reykjavík um umkvörtun þá, er hingað hafði verið send, um að hinn fyrrverandi formaður bæjarfulltrúanna, skólakennari Halldór K. Friðriksson, þrátt fyrir ósk þeirra og bæjarfógeta hafi synjað þess, að mál viðvíkjandi sölu á Laugarness og Klepps beitilandi kæmi til umræðu á fundi fulltrúanna, þar nokkrir af þeim er æsktu sölunnar voru meðeigendur jarðanna.

Yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir þeim, er hlut eiga að máli, gef eg yður hérmeð til kynna, að stjórnin er á